## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Ólöf Sunna Jónsdóttir <olof.sunna.jonsdottir@irn.is>
**Sent:** miðvikudagur, 2. október 2024 12:27
**Subject:** Mál nr. S181/2024 - drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk

Góðan dag,

Vakin er athygli á því að umsagnarfrestur máls nr. S181/2024, drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, sem birt var í samráðsgátt 17. október sl., hefur verið framlengdur til 9. október næstkomandi.

Samráðsgátt | Mál: S-181/2024 (island.is)

Kveðja,

**Ólöf Sunna Jónsdóttir, lögfræðingur**
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
http://www.irn.is - Fyrirvari/Disclaimer

JAFNLAUNAVOTTUN GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

ÚRVINNSLU SJÓÐUR
ICELANDIC RECYCLING FUND

Flóahreppur
Þingborg
803 Selfoss

Reykjavík 26. september 2024

**Efni: Fyrirkomulag greiðslna til sveitarfélaga vegna söfnunar plastvara á víðavangi og úr ruslabiðum árin 2023 og 2024.**

*Til að sækja greiðslu vegna söfnunar plastvara á víðavangi og úr ruslabiðum fyrir árin 2023 og 2024 til Úrvinnslusjóðs þarf að senda staðfestingu á ráðstöfun fjár til þessarar hreinsunar. Staðfesting getur t.d. verið í formi kvittunar fyrir móttöku og greiðslu fyrir hreinsun úr ruslabiðum, launagreiðslur vegna unglingavinnu, styrkir til aðila í plokki eða annað ámóta. Senda þarf staðfestingu fyrir hvort ár um sig á netfangið gunnlaug@irf.is* ***fyrir 31. desember 2024.***
*Framlagning staðfestinga er forsenda greiðslna frá Úrvinnslusjóði.*

Í samræmi við ákvæði um framlengda framleiðendaábyrgð á plastvörum í lögum nr. 103/2021 (hringrásarlögin) sem tóku gildi 1. janúar 2023 ber Úrvinnslusjóði, fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda, að fjármagna hreinsun á rusli á víðavangi sem er til komið vegna plastvara sem lögin tilgreina, ásamt flutningi og annarri meðhöndlun þess. Um er að ræða:

a. ílát, með eða án loks, sem ætluð eru undir matvæli til neyslu á sölustað eða annars staðar sem er jafnan neytt beint úr viðkomandi íláti og eru tilbúin til neyslu án frekari tilreiðslu, svo sem eldunar, suðu eða hitunar,
b. umbúðir úr sveigjanlegu efni, sem ætlaðar eru til að vefja utan um matvæli sem neytt er beint úr viðkomandi umbúðum án frekari tilreiðslu,
c. drykkjarílát að rúmmáli allt að þremur lítrum, þ.m.t. lok, en undanskilin eru drykkjarílát úr gleri eða málmi sem hafa lok úr plasti,
d. drykkjarmál, þ.m.t. lok,
e. burðarpokar úr plasti sem eru þynnri en 50 .míkrómetrar,
f. blautþurrkur til heimilis- og einkanota,
g. blöðrur,
h. tóbaksvörur með síu og stakar síur fyrir tóbaksvörur.

Úrvinnslusjóður ber ekki ábyrgð á hreinsun og söfnun vegna plastumbúða fyrir einnota drykkjarvörur sem bera skilagjald samkvæmt staflið c.

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími 517 4700
Kt. 530803-3680
urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is
urvinnslusjodur.is

| Sveitarfélag | Íbúafjöldi 1.1.2024 | Heildarmagn plastvara miðað við íbúafjölda | Heildargreiðsla til sveitarfélags | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 136.894 | 68447 | 17.933.114 | 35,67% |
| Kópavogsbær | 39.335 | 19667,5 | 5.152.885 | 10,25% |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 30.616 | 15308 | 4.010.696 | 7,98% |
| Reykjanesbær | 21.957 | 10978,5 | 2.876.367 | 5,72% |
| Akureyrarbær | 19.812 | 9906 | 2.595.372 | 5,16% |
| Garðabær | 19.088 | 9544 | 2.500.528 | 4,97% |
| Mosfellsbær | 13.403 | 6701,5 | 1.755.793 | 3,49% |
| Sveitarfélagið Árborg | 11.565 | 5782,5 | 1.515.015 | 3,01% |
| Akraneskaupstaður | 8.071 | 4035,5 | 1.057.301 | 2,10% |
| Múlaþing | 5.177 | 2588,5 | 678.187 | 1,35% |
| Fjarðabyggð | 5.163 | 2581,5 | 676.353 | 1,35% |
| Seltjarnarnesbær | 4.572 | 2286 | 598.932 | 1,19% |
| Vestmannaeyjabær | 4.444 | 2222 | 582.164 | 1,16% |
| Skagafjörður | 4.276 | 2138 | 560.156 | 1,11% |
| Borgarbyggð | 4.100 | 2050 | 537.100 | 1,07% |
| Suðurnesjabær | 3.897 | 1948,5 | 510.507 | 1,02% |
| Ísafjarðarbær | 3.797 | 1898,5 | 497.407 | 0,99% |
| Grindavíkurbær | 3.579 | 1789,5 | 468.849 | 0,93% |
| Hveragerðisbær | 3.265 | 1632,5 | 427.715 | 0,85% |
| Norðurþing | 3.081 | 1540,5 | 403.611 | 0,80% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 2.631 | 1315,5 | 344.661 | 0,69% |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 2.487 | 1243,5 | 325.797 | 0,65% |
| Rangárþing eystra | 2.007 | 1003,5 | 262.917 | 0,52% |
| Fjallabyggð | 1.973 | 986,5 | 258.463 | 0,51% |
| Rangárþing ytra | 1.867 | 933,5 | 244.577 | 0,49% |
| Dalvíkurbyggð | 1.866 | 933 | 244.446 | 0,49% |
| Snæfellsbær | 1.617 | 808,5 | 211.827 | 0,42% |
| Sveitarfélagið Vogar | 1.500 | 750 | 196.500 | 0,39% |
| Þingeyjarsveit | 1.410 | 705 | 184.710 | 0,37% |
| Bláskógabyggð | 1.322 | 661 | 173.182 | 0,34% |
| Sveitarfélagið Stykkishólmur | 1.266 | 633 | 165.846 | 0,33% |
| Húnabyggð | 1.263 | 631,5 | 165.453 | 0,33% |
| Húnaþing vestra | 1.212 | 606 | 158.772 | 0,32% |
| Eyjafjarðarsveit | 1.162 | 581 | 152.222 | 0,30% |
| Vesturbyggð | 1.106 | 553 | 144.886 | 0,29% |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 989 | 494,5 | 129.559 | 0,26% |
| Mýrdalshreppur | 881 | 440,5 | 115.411 | 0,23% |
| Hrunamannahreppur | 865 | 432,5 | 113.315 | 0,23% |
| Grundarfjarðarbær | 821 | 410,5 | 107.551 | 0,21% |
| Hörgársveit | 791 | 395,5 | 103.621 | 0,21% |
| Hvalfjarðarsveit | 727 | 363,5 | 95.237 | 0,19% |
| Flóahreppur | 699 | 349,5 | 91.569 | 0,18% |
| Vopnafjarðarhreppur | 650 | 325 | 85.150 | 0,17% |
| Dalabyggð | 642 | 321 | 84.102 | 0,17% |
| Skaftárhreppur | 620 | 310 | 81.220 | 0,16% |

Tilvísun í mál: IRN24080098

Góðan dag,

Meðfylgjandi í viðhengi sendist bréf til þáttakenda í minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa sem haldinn verður sunnudaginn 17. nóvember næstkomandi.

Með kærri kveðju,

**Hrefna Hallgrímsdóttir, sérfræðingur**
skrifstofa samgangna
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
http://www.irn.is - Fyrirvari/Disclaimer

JAFNLAUNAVOTTUN GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

| | |
|---|---|
| Dagsetning | **3. október 2024** |
| Málsnúmer | IRN24080098 |

## Þátttakendur í minningardegi um þau sem hafa látist í umferðinni

**Árlegur alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa verður haldinn sunnudaginn 17. nóvember 2024.** Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og tileinkaður minningu þeirra sem hafa látist í umferðarslysum. Að þessu sinni verður kastljósi dagsins beint að hættunni sem getur skapast á að sofna eða dotta undir stýri vegna þreytu ökumanna.

Rótgróin minningarathöfn verður haldin á þyrlupallinum við Landspítalann kl. 14:00. Þar verður þeirra minnst sem látist hafa í umferðinni með mínútuþögn, ávörp flutt og starfsfólki Landspítalans færður þakklætisvottur.

Táknrænar minningarstundir verða haldnar víða um landið sem félög og sveitir í Slysavarnafélaginu Landsbjörgu skipuleggja. Streymt verður frá viðburðum í beinni vefútsendingu á samfélagsmiðlum eftir því sem kostur er.

Dagana fyrir minningardaginn verður vakin athygli á málefnum tengdum umferðaröryggi. Sérstaklega verður fjallað um mikilvægi þess að taka sér hvíld eða hætta akstri ef ökumaður finnur fyrir áhrifum þreytu eða syfju . Ljósi verður varpað á þessi mikilvægu skilaboð í fjölmiðlum, m.a. með viðtölum, myndböndum og kynningu á samfélagsmiðlum.

Einkennislag minningardagsins, When I Think of Angels, í flutningi KK og Ellenar, verður að venju flutt samtímis á öllum útvarpsstöðum kl. 14. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992.

Við þökkum ykkur öllum fyrir að taka virkan þátt í minningardeginum á liðnum árum. Við hlökkum til samstarfsins í ár og óskum þess fá góðan stuðning við skipulagningu dagsins. Hinn árlegi minningardagur er falleg hefð og mikilvæg áminning um hversu áríðandi það er að auka umferðaröryggi með betri samgöngumannvirkjum en ekki síður aukinni árvekni okkar sjálfra, vegfarenda í umferðinni. Minningardagurinn hefur mikla þýðingu því að við minnumst þeirra sem hafa misst lífið og hugsum til þeirra hafa slasast alvarlega. Minningardagurinn hefur fest sig í sessi og skilað árangri með ykkar stuðningi.

Með kærri kveðju,

Svandís Svavarsdóttir, innviðaráðherra.

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

stjornarradid.is
545 8200

**Hulda Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Úrvinnslusjóður <irf@irf.is> |
| **Sent:** | mánudagur, 7. október 2024 16:20 |
| **Subject:** | Ársfundur Úrvinnslusjóðs |

Ágæti viðtakandi

Meðfylgjandi er boð á ársfund Úrvinnslusjóðs, sem haldinn verður fimmtudaginn 17. október nk.
Fundurinn er öllum opinn.
Gestir eru vinsamlegast beðnir að skrá komu sína **hér.**

# ÁRSFUNDUR ÚRVINNSLUSJÓÐS

**17. október 2024 kl. 14:00 - 16:00**

**Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2**

## DAGSKRÁ:

- **Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs setur fundinn**
- **Ávarp umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra**
- **Ávarp formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs**
- **Ársreikningur, yfirlit yfir starfsemi 2023**
- **Kaffihlé**
- **Umbúðarreglugerðin (PPWR) og áhrif innleiðingar hennar:**
  **Monika Romenska, Reglulatory and Public Affairs Manager EXPRA**
- **Umræður**

**Fundarstjóri:**
**Stefán Guðmundsson, ráðuneytisstjóri**

Við hvetjum gesti til að nýta umhverfisvænni samgöngur, s.s. hjóla, ganga, nota almenningssamgöngur eða samnýta bíla.

Hlökkum til að sjá ykkur!

ÚRVINNSLU SJÓÐUR
ICELANDIC RECYCLING FUND

Með kveðju / Kind regards

Starfsfólk Úrvinnslusjóðs

354 517 4700

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

FRAMÞRÓUN - SAMVINNA - GÆÐI

Fyrirvari um tölvupóstsamskipti / e-mail disclaimer

**Hulda Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Landsvirkjun <landsvirkjun@landsvirkjun.is> |
| **Sent:** | fimmtudagur, 10. október 2024 08:34 |
| **To:** | Sveitarstjóri Flóahrepps |
| **Subject:** | Haustfundur Landsvirkjunar 30. október |

View this email in your browser

VIRKJUM TIL VELSÆLDAR

**Haustfundur Landsvirkjunar 30. október**

Landsvirkjun

## Skráning er hafin!

Haustfundur Landsvirkjunar verður haldinn á Hótel Selfossi miðvikudaginn 30. október frá kl 13 - 15.

Húsið verður opnað kl 12:30 og léttar veitingar verða í boði fyrir og eftir fund.

Smelltu á hlekkinn til að skrá þig á fundinn.

**Smelltu hér til að skrá þig**



*Copyright © *2024* *Landsvirkjun*, All rights reserved.*

**Heimilisfang: Katrínartúni 2, 105 Reykjavík**

Þú ert skráð/ur á póstlista Landsvirkjunar.

Þú getur uppfært þínar upplýsingar eða afskráð þig af póstlistanum.

**Hulda Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Ráðstefna @ Netters <radstefna@netters.is> |
| **Sent:** | fimmtudagur, 10. október 2024 14:42 |
| **To:** | Hulda Kristjánsdóttir |
| **Subject:** | Taktu 7. nóvember frá.... öryggisins vegna! |

Birtast myndirnar ekki? Vefútgáfa

NETTERS

CISCO Partner
Premier Integrator



**Við bjóðum þér á einn stærsta Cisco viðburð á Íslandi til þessa þann 7. nóvember á Hilton Nordica.**

Boðið verður upp á þétta dagskrá fulla af innblæstri, innsýn og nýjungum frá Cisco.

Á þessum viðburði munu sérfræðingar Cisco veita dýrmæta innsýn í nýjustu strauma og nýjungar í netöryggi. Með því að skrá þig munt þú fá tækifæri til þess að kynnast lausnum Cisco og hvernig þær geta hjálpað þér að ná árangri í öryggiskröfum nútímans með

lausnum eins og Cisco Email Threat Defense, Secure Cloud, HyperShield og fá innsýn í öryggisstefnu Cisco.

Í boði verða léttar veitingar á milli dagskrárliða auk þess verður boðið upp á hádegishressingu.

Endilega skráðu þig og/eða þitt teymi og nýttu tækfærið til þess að tengjast öðrum fagaðilum og ræða þær áskoranir sem þið standið frammi fyrir til að tryggja stafræna innviði fyrirtækisins þíns.

| | |
|---|---|
| **Dagsetning** | Fimmtudagurinn 7. nóvember |
| **Tími** | 08:30 - 13:30 |
| **Verð** | Þér er boðið **FRÍTT** |
| **Staður** | Hilton Nordica |
| **Dagskrá** | Smelltu hér |

**Skráðu þig hér**

Fyrirlesarar



**Ben Mitchell**
*Leader Solution Engineering*
*Security EMEA*



**Hakan Nohre**
*Security Solution Engineer*



**Magnus Frodell**
*Security Solutions Engineer*



**Pieter Paul Bonne**
*Security Solution Engineer*





**John Alexander Moen**
*Leader Solution Engineering*
*Security EMEA*

**Gunnar Ingvi Þórisson**
*Framkvæmdastjóri*
*Netters*



**Daði Rúnarsson**
*Daði Rúnarsson - Country*
*Manager Iceland Cisco*

**Skráðu þig hér**

NETTERS

Cisco Partner
Premier Certified

NETTERS ehf
Skeifan 11a, 105 Reykjavík

**www.netters.is**

Þú færð þennan póst eingöngu vegna þess að við viljum bjóða þér frítt á ráðstefnuna okkar.